

STARFSLEYFI

fyrr fiskeldisstöð Silfurstjörnnunnar hf., í landi Núps,
Öxarfjarðarhreppi.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 800 tonnum af eldisfiski á ári.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Á öllu athafnarsvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis og skal öllum úrgangi komið fyrir samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar.
- 1.4. Um fyrirkomulag og staðsetningu rotþróa skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingar-nefndar og heilbrigðisnefndar.
- 1.5. Girða skal lóð fyrirtækisins af. Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur og í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar.
- 1.6. Um umgengnisreglur, sóttþreinsun og meðferð sýktra og sjálfðauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.
- 1.7. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.8. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigði eða tilveru náttúrulegra fiskistofna eða vegna röskunar á lífríki. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.
- 1.9. Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað: Framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðalvatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttþreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálfðauður fiskur berist ekki með frárennslinu.
- 2.2. Stöðinni er skylt að sjá um að frágangur við útrás frárennslisins sé þannig að ekki sjáist:
 - a) Set eða útfellingar
 - b) Þekjur af rotverumEnnfremur að ekki berist með frárennslinu í opna móttöku: sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valdi óþægilegri lykt, lit, gruggi eða geta valdið smithættu.
- 2.3. Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa.

- 2.4. Frárennslislögn frá eldiskerjum sé leidd setþró. Rúmmál setþróarinnar skal vera nægilegt til að taka við sem næst 10 mín. rennsli frá stöðinni. Setþróin er skeifulaga u.þ.b. 566 m² að flatarmáli og 1.5 m á dýpt. Við inntak og við útfall er þróin úr steinsteypu og þannig gerð að hægt er að hleypa frárennsli stöðvarinnar framhjá þrónni við hreinsun.
- 2.5. Frágangur frárennslisleiðslu frá setþrónni í Brunná skal vera snyrtilegur og útrás ekki vera til lýta eða mengunar (sbr. 2.2.).
- 2.6. Stöðinni er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olúúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið eða berist í grunnvatn. Mengunarvarnabúnaður skal vera samþykktur af Hollustuvernd ríkisins.
- 2.7. Stöðinni er skylt að sjá um að hindraður sé aðgangur vargfugls að úrgangi stöðvarinnar.

3. Gjaldskrá.

- 3.1. Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gjaldskrá nr. 355/1986 með síðari breytingum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.
- 3.2. Eftirlit þetta er með tvennum hætti: Annars vegar beint eftirlit sjálfs fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur og hins vegar eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í samræmi við gjaldskrá vegna starfsleyfis skyldra fyrirtækja. Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka samkvæmt gjaldskránni.
Fiskeldissstöð Silfurstjörnunna hf., í landi Núps, flokkast í 2. flokk frá árinu 1990. Eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins verður samkvæmt 3. grein gjaldskrár vegna starfsleyfis skyldra fyrirtækja nr. 355/1986.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin lokun miðeyju á Snorrabraut við Njálsgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. mars 1980.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 15. mars 1990.

Böðvar Bragason.